

GJALDSKRÁ

Skagafjarðarveitur Vatnsveita

1. gr.
Vatnsgjald.

Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda. Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

2. gr.
Stofn til álagningarár vatnsgjalds.

Stofn til álagningarár vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignarmat þeirra. Stofn til álagningarár vatnsgjalds á lóðir og lönd skal vera fasteignamat. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5 % af fasteignamatí.

3. gr.
Hundraðshluti vatnsgjalds af fasteignamatí.

Af öllum fasteignum, sem gjaldskyldar eru, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,16% af álagningarárstofni. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 44,94 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 53,67.

4. gr.
Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn Skagafjarðar ákveður fyrir fasteignagjald og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

5.gr.
Notkunargjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Notkunargjald skal innheimta samkvæmt rúmmetramæli sem Skv. leggja til og eru gjalddagar annan hvern mánuð. Notkunargjald skal vera 34,25 kr. pr. rúmmetra.

6. gr
Mælaleiga.

Mælaleiga skal vera eftirfarandi:

Vatnsmælar DN 40 og minni	35,13 kr. á dag
Vatnsmælar DN 50 til DN 80	70,39 kr. á dag
Vatnsmælar DN 100 til DN 150	140,78 kr. á dag

7. gr.
Heimæðar.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfriu dýpi frá tengistað Skv. við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af Skv.

Þvermál Inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm
Heimæðar- gjald kr:	167.319	205.082	261.879	326.761	408.428

Heimæðargjald fyrir inntök > 75 mm eru reiknuð út hjá Skv.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

8. gr.
Verðlagning.

Veitunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tekur ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt gr. 3 í lok hvers árs, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta ár á eftir. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingavísitölu 1. nóvember 2004, 303,9 stig og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí).

Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

9. gr.
Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 15. desember 2021, samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 sem tóku gildi 7. maí 2004. Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað, jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis sem samþykkt var af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 16. desember 2020

Sauðárkróki 31. desember 2021

Sigfús Þ. Sigfusson
Sigfús Þ. Sigfusson, sveitarstjóri

Skagafjörður
Sveitarstjóri

Breyting á gjaldskrá 1. janúar 2022 skv. 8.gr. Verðlagning.
Vísitala desember 2020 = 747,7
Vísitala desember 2021 = 798,3
Breyting = 6,3%